

**455. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 21. maí 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki, oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Oddviti óskaði eftir afbrigði, að sett verði á dagskrá undir 13. lið, umsókn um rekstrarleyfi, mál 1305039, aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Birna Benediktsdóttir boðaði forföll, í hennar stað mætti Guðlaug S. Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. 1304008F - Félagsmálanefnd - 14

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

2. 1305001F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 37

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

3. 1305020 - Skiplagsfulltrúar sem skráðir eru hjá Skipulagsstofnun í maí 2013 og tilkynning um breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð.

Hreppsnefnd Tálknafjarðar felur sveitarstjóra að tilkynna Skipulagsstofnun að Ármann Halldórsson, kr 040381-4499 sé ráðinn Skiplagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps.
Samþykkt samhljóða.

4. 1305015 - Umsókn um styrk fyrir vorferð nemenda Tálknafjarðarskóla.

Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk til nemenda Tálknafjarðarskóla vegna vorferðar að upphæð 100.000.-
Samþykkt samhljóða

5. 1304050 - Staðfesting á útsvarsprósentu við álagningu 2013 á tekjur

ársins 2012

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
Samþykkt samhljóða.

6. 1304054 - Varðar skipulagsskilmála varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.

Erindinu vísað til Byggingar-og Skipulagsfulltrúa til úrlausnar.
Samþykkt samhljóða.

7. 1304026 - Óskað eftir umsögn um reglugerð um eftirlit umhverfisstofnunnar með náttúru landsins.

Erindinu er vísað frá þar sem frestur til að skila inn athugasemdum er liðinn.
Samþykkt samhljóða.

8. 1211082 - Fyrirkomulag skólahalds í Tálknafjarðarhreppi

Oddvita og sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna umsóknar um þróunarskóla, skv. 44. grein grunnskólalaga frá 2008.
Samþykkt samhljóða.

9. 1305022 - Skuldabréf og ábyrgðaryfirlýsing

Hreppsnefnd samþykkir heimild til handa Indriða Indriðasyni, kt 180465-4489 að undirrita framlagt skuldabréf við Orkusjóð, að upphæð 39.900.000.-, til tíu ára.
Samþykkt samhljóða.

10. 1305037 - Umsókn um grenjavinnslu

Sveitarstjórn samþykkir að semja við Eini Stein Björnsson 151167-3819 um grenjaleit og grenjavinnslu, bæði refa- og minka, í Tálknafirði að norðanverðu, frá Botni og út í Kálfadal.
Einnig samþykkir sveitarstjórn að semja við Steinar Arnarson 300473-4159 um grenjaleit og grenjavinnslu, bæði refa- og minka, í sunnanverðum Tálknafirði.
Greiðslur verða í samræmi við viðmiðunartaxta Umhverfisstofnunar.
Samþykkt samhljóða.

11. 1305035 - Afsögn búfjárefntirlitsmanns

Hreppsnefnd þakkar Lilju Magnúsdóttur fyrir hennar störf sem búfjárefntirlitsmanns. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kanna með eftirmann Lilju í starfið.
Samþykkt samhljóða

12. 1305036 - Upplýsingagjöf sveitastjóra

Minnispunktur sveitarstjóra

Byrjað var á lóðarframkvæmd við leikskólann. Gríðarlega góð mæting var og voru þegar mest var u.þ.b 40 manns í vinnu á staðnum. Lokið er byggingu á göngustíg og sandkassa. Einnig var byggður lítill kofi og byrjað var á að gera hól í túninu og sett var rör þar í gegn.

Unnið hefur verið að smá lagfæringum í íþróttahúsi og búið er að laga dúkinn sem er á almennu rými. Bæði er búið að gera við skemmdir sem komnar voru og svo var dúkurinn bónaður og hreinsaður upp. Búið er að lagfæra búningsaðstöðu, og hefur tréverk þar verið þússað upp og lagað. Einnig stendur til að skoða sundlaugina og kanna hvað Þarf að laga þar fyrir sumarið. Unnið er að lagfæringu á afgreiðslu, það er að skipta út borðplötum og skápum sem voru orðnir lélegir. Búið er að taka til í líkamsræktarrými og hefur það verið málað. Forstöðumaður óskar eftir að fá heimild til að kaupa hlaupabretti að upphæð 100 þús. Kr. En nýtt bretti kostar u.þ.b 600 þús.kr.

Í skólanum er búið að fara yfir gólf og bóna þau öll. Á meðan á þeirri vinnu stóð þá var t.d maturinn eldaður í Hópinu.

Haldinn var forstöðumannafundur, á honum komu fram ýmsar hugmyndir, t.d afmörkun á göngustígum í þorpinu. Skoðað var með að hafa vorhreinsun hjá íbúum og er það í vinnslu. Farið var yfir verkefni sumarsins og t.d vinna við smábátahöfn, klára verk við áhaldahús o.fl. Það komu upp hugmyndir um að nýta þann við sem fallið hefur til vegna vinnu á gömlu höfn og nýta hann í göngustígaverkefni. Það kom upp beiðni hjá skólanum að saga gat á nokkra vegg í leikskólarými, til að auðvelda eftirlit með börnum. Einnig kom fram beiðni á að mála nokkrar kennslustofur, sem og að athuga með útihurðir, bæði aðalinngang sem og inngang af leikskólalóð.

Vinnuskóli Tálknafjarðarhrepps hefst miðvikudaginn 5.júní og stendur til fimmtudagsins 18.júlí. Helstu verkefni skólans varða snyrtingu og fegrun bæjarins. Þeir sem geta sótt um í vinnuskólanum eru börn fædd á árunum 1997 ? 1999. Er reiknað með að launakostnaður fyrir vinnuskólann verði um 700 þús.kr og fyrir eldri vélamenn um 400 þús.kr. Unnið er að mótun á vinnuskólanum í samstarfi við Vesturbyggð.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að klára vinnu á rými í Vindheimum sem hýsa á eldri borgara í sumar og fengin verði áætlun þess efnis frá verktaka. Svo óskar sveitarstjóri eftir heimild til að auglýsa grindverk sem er í kringum Vindheima til sölu.

13. 1305039 - Umsókn um rekstrarleyfi

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að leyfið verði veitt.
Samþykkt samhljóða.

14. 1305024 - Grásleppuráðstefna

Til kynningar.

15. 1305018 - Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna mikaveiða uppgjörstímabilið 1. sept 2012 - 31. ágúst 2013

Til kynningar.

16. 1304059 - Almenn námskeið til löggildingar í byrjun júní

Til kynningar.

17. 1304052 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 12.apríl 2013

Til kynningar.

18. 1304053 - Arðgreiðsla Lánasjóðs svetiárfélaga ohf. vegna ársins 2012

Til kynningar.

19. 1304027 - Tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.

Til kynningar.

20. 1305025 - Niðurstaða umræðuhópa á landsþingi sambandsins 2013.

Til kynningar.

21. 1305019 - Skil á ársreikningi til Hagstofu

Til kynningar.

22. 1305017 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2013

Til kynningar.

23. 1304061 - Kynnig á lausnum Íslandshús í fráveitumálum

Til kynningar.

24. 1304060 - Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði

Til kynningar.

Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá fundargerðinni og semja fréttatilkynningu vegna ástands á Vestfjarðavegi nr. 60 í Kjálkafirði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
